

Föstudaginn 2. apríl 1976.

Nr. 74/1976. **Ákærvaldið**
 gegn
Sigurbirni Eiríkssyni.

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. mars 1976, sem barst Hæstarétti 30. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. mars 1976.

Ár 1976, laugardaginn 27. mars, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson frá Keflavík. Hann sást síðast í Keflavík að kvöldi þess dags, og hefur hann ekki sést síðan.

Erla Bolladóttir, Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marínó Ciecielski hafa skýrt rannsóknarlögreglunni frá því, að þau hafi öll farið til Keflavíkur og þar niður að sjó, nánar tiltekið við

Dráttarbraut Keflavíkur. Sævar og Kristján hafa skýrt frá því, að þeir hafi farið í sjóferð með nokkrum mönnum, þ. á m. Geirfinni Einarssyni, sem þeir telja sig þekkja á mynd. Hafi Geirfinnur Einarsson látið lífið í sjóferð þessari. Erla Bolladóttir kveðst hins vegar hafa hlaupið á brott og falið sig, er til Keflavíkur var komið.

Þau Erla, Sævar og Kristján Viðar hafa öll verið látin skoða ljósmyndir af 16 mönnum, og hafa þau öll sagt, að kærði, Sigurbjörn Eiríksson, hafi verið staddur við Dráttarbraut Keflavíkur umrætt sinn.

Kristján Viðar Viðarsson hefur tekið framburð sinn í máli þessu til baka, en síðan kannast aftur við að hafa farið í umrædda ferð með a. m. k. Erlu Bolladóttur og Sævari Ciecielski að Dráttarbrautinni í Keflavík. Hefur hann sagt, að honum finnist, að þetta ferðalag hafi verið eitthvað í sambandi við spíritus, þótt svo að hann muni það ekki. Þá hefur hann sagt, að hann treysti sér ekki enn sem komið er til þess að segja til um, hverjir voru staddir í Dráttarbrautinni þetta kvöld auk hans og Sævars, en kveðst vera viss um, að hann þekkti eða kannaðist við fleiri, sem þar voru staddir.

Hinn 11. febrúar sl. var kærði, Sigurbjörn Eiríksson, úrskurðaður í 45 daga gæsluvarðhald vegna rannsóknar máls þessa. Hann hefur neitað að hafa farið í umrædda ferð og hafa nokkra hugmynd um afdrif Geirfinns Einarssonar.

Af hálfu ríkissaksóknara hefur verið gerð sú krafa, að kærði, Sigurbjörn Eiríksson, verði úrskurðaður til að sæta áfram gæsluvarðhaldi og jafnframt verði hafin dómsrannsókn á sakarefni máls þessa. Af hálfu kærða Sigurbjörns hefur þessari kröfu verið mótmælt.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið, og á meðal annars eftir að fara fram dómsrannsókn með sakbendingum og samprófunum fyrir dómi.

Sigurbjörn Eiríksson er grunaður um þátttöku í broti gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og 60. gr., sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969, og kann brot hans að varða fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæsluvarðhald er því fullnægt.

Rétt þykir með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að framlengja gæsluvarðhald kærða, á meðan rannsókn máls þessa verður fram haldið.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhaldsvist Sigurbjörns Eiríkssonar framlengist um allt að 30 dögum frá kl. 1203 27. mars 1976.

Föstudaginn 2. apríl 1976.

Nr. 47/1975. **Lárus Jónsson**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Páli S. Pálssyni hrl. f. h. J. & B.

Auto Wholesalers Inc.

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjun kyrrsetningargerðar. Frávisun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfégeta í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fégetagerð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 16. apríl 1975. Krefst hann þess, að „hinni áfrýjuðu fégetagerð verði hrundið“ og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með beiðni 9. apríl 1975 fór stefndi þess á leit við yfirborgarfégetann í Reykjavík, að hann kyrrsetti svo fljótt sem unnt væri eigur áfrýjanda svo og þær eignir eiginkonu hans, Sonju Egilsdóttur, sem hún hefði fengið að gjöf frá honum með kaupmála, skráðum 21. febrúar 1975, til tryggingar skuld, jafnvirði 20.692 Bandaríkjadala í íslenskum krónum auk vaxta og kostnaðar, eins og nánar er greint í beiðninni.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfégeta, tók kyrrsetningar-